

# FUNDARGERÐ

## 4. fundar Menningarmálanefndar Mýrdalshrepps.

- Fundarstaður:** Skrifstofa Mýrdalshrepps.  
**Fundartími:** Fimmtudagur 29. mars 2007 kl. 17:00.  
**Mættir:** Undirritaðir aðalmenn menningarmálanefndar.  
**Ritari fundarins:** Kolbrún Ósk  
**Formaður, Sif Hauksdóttir, setti fund og stjórnaði.**  
**Gerðir fundarins:**

### 1. Umsókn um styrk. Umsækjandi Felixfilm Helgi Felixon.

Menningarmálanefnd tekur jákvætt í umsókn Helga en óskar eftir kostnaðaráætlun og styrkuppþæð samkvæmt reglugerð um úthlutun styrkja. Sveitarstjóra falið að senda Helga bréf.

### Umsókn um styrk. Raularinn 2007, Kristján Kristjánsson.

Menningarmálanefnd tekur jákvætt í umsókn Kristjáns en óskar eftir að hann sendi inn kostnaðaráætlun samkvæmt reglugerð um úthlutun styrkja. Sveitastjóra falið að senda Kristjáni bréf.

### 2. Þjóðhátíðardagurinn 17. júní.

Menningarmálanefnd telur að íþróttafélögin eigi að sjái áfram um dagskrá þjóðhátíðardags Íslendinga eins og verið hefur. Menningarmálanefnd mun leita eftir samstarfi við íþróttafélögin um 17.júni dagskrá.

### 3. Bæjarhátíð.

Ekki er hugað að halda bæjarhátíð þetta árið en Menningarmálanefnd mun vinna að undirbúningi fyrir slíka hátíð 2008.

### 4. Menningarstofnun.

Bréf lagt til kynningar. Menningarmálanefnd vill sjá að hafist verði handa við uppbyggingu Menningarstofnunar á grunni Brydebúðar, Skaftfellings og Halldórsverslunar.

### 5. Stefnumótun í menningarmálum í Mýrdalshreppi.

Áfram er unnið að stefnumótun.

### 6. Önnur mál.

- a) Umræða um bókasafn.
- b) Samvinna við Víkurkirkju um hausttónleika.
- c) Umræða um Ketilsstaðaskóla.
- d) 120 ára afmæli löggildingar um verslunarstað í Vík 2. desember.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 18:45

---

Sif Hauksdóttir formaður

---

Andrés Viðarsson

---

Kristín Marti

---

Sveinn Þorsteinsson

---

Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir